

✉ Uppbygging ferðapjónustu að Heyklifi, Kambsnesi Fjarðabyggð

Búið til	3.6.2020 09:25:48
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	3.6.2020 09:25:47
Tilheyrir	📁 202005-0025 - Uppbygging ferðapjónustu að Heyklifi, Kambsnesi í Fjarðabyggð.

Efni

Uppbygging ferðapjónustu að Heyklifi, Kambsnesi Fjarðabyggð

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	3.6.2020 09:25:47	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	skipulag@skipulag.is, jakob@skipulag.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202005-0025 (TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 14. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort og á hvaða forsendum uppbygging ferðapjónustu að Heyklifi, Kambsnesi Fjarðabyggð, skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir greinargerð með tilkynningu til Skipulagsstofnunar vegna ákvörðunar um matsskyldu framangreindrar framkvæmdar. Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar telur stofnunin að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og náttúrufari svæðisins, náttúruumjum og mótvægisáðgerðum. Greinargerðin er vonduð og vel gerð grein fyrir helstu náttúrufarsþáttum og hvernig fyrirhugað er að staðsetja framkvæmdir/byggingar m.t.t. helstu náttúrufarsþátta s.s. fuglalífs, vistgerða/votlendis og einnig jarðminja. Einna helst vantar að gera grein fyrir jarðfræði svæðisins og jarðminjum í greinargerðinni en þó má vel sjá hvernig ráðgert er að laga framkvæmdir að landslagi/jarðminjum á Kambsnesi.

Að teknu tilliti til 2. viðauka laga og m.t.t. þeirra upplýsinga sem til eru um náttúrufar svæðisins umfangi, staðsetningu og mótvægisáðgerðum við framkvæmdirnar telur Náttúrufræðistofnun að uppbygging ferðapjónustu að Heyklifi á Kambsnesi sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)